

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 11:00 föstudaginn 5. júní 2020, Hafnarstræti 91

Mættir stjórnarmenn: Edda Hrund Guðmundsdóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Viggó Jónsson og Þórdís Bjarnadóttir varamaður. Örn Arnarson og Tómas Árdal varamaður voru í fjarfundi.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson verkefnastjóri.

Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir. Axel Grettisson var fjarverandi.

Fundurinn hófst á því að allir fundarmenn kynntu sig, þar sem ný stjórn er að koma saman í fyrsta skipti. Framkvæmdastjóri kynnti dagskrá fundarins.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Viggó bauð sig fram til formanns og hlaut stuðning annarra stjórnarmanna. Hann tekur því við formennsku í stjórn hér með.

Stefnt að því að halda stjórnarfundi á þriðjudögum, staðarfundi kl 13:00 og fjarfundi kl 10:00.

2. Flugmál

Verkefnastjóri fór yfir stöðu flugmála eins og hún er í dag. Þar kom fram að allt flug er í biðstöðu nú vegna óvissunnar um opnun landsins og fyrirkomulag skimunar. Þó er vinna í gangi við að leita að tækifærum fyrir beint flug á nýjum mörkuðum þegar um hægist.

Verkefnastjóri greindi líka frá því að vinna við útboð fyrir framkvæmdir á Akureyrarflugvelli væru í fullum gangi.

3. Innanlandsátak

Framkvæmdastjóri greindi frá vinnu MN til að ná frekar til innlendra ferðamanna, bæði fyrir komandi ferðasumar, en líka til lengri framtíðar. Jafnframt þátttöku MN í verkefninu Gagnvirkt ferðalag.

Meðal verkefna MN eru:

- Bæir Norðurlands
- Júlli ferðast Norðurstrandarleið (og Demantshringinn bráðlega)
- Samstarfsfyrirtæki taka yfir
- Ferðablogg

Framkvæmdastjóri sagði einnig frá innanlandsátak Ferðamálastofu og samskiptum MN við Ferðamálastofu vegna þessa verkefnis.

4. Önnur mál

Framkvæmdastjóri sagði frá að:

- fljótlega yrðu sendar til sveitarstjóra tillögur fyrir uppbyggingu á ferðamannaleiðum á hverju svæði, byggt á greiningarvinnu á viðkomandi leiðum.
- stefnt er að formlegri opnun á Demantshringnum 22. ágúst.
- í gangi er kynning á stórri rannsókn sem unnin var fyrir MN um ferðaþjónustu á Norðurlandi, en rannsóknin náði til ferðamanna, ferðaþjónustufyrirtækja og notkun samfélagsmiðla.
- Markaðsátak Íslandsstofu erlendis á að fara af stað 18. júní og MN er í góðu samstarfi við Íslandsstofu varðandi það verkefni.

Viggó þakkaði stjórnarmönnum fyrir traustið til að taka við formennsku í stjórn. Þakkaði einnig fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:20

Fundarritari HPP